

## Fundargerð

Árið 2023, föstudaginn 30. júní kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 8. júní 2023.

*Fundargerð frá 8. júní 2023 var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Innheimtustofnun sveitarfélaga

#### Staða mála

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns innviðaráðuneytisins, dags. 21. júní 2023, þar sem rakin er saga og hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem og þær breytingar sem munu verða í kjölfar laga nr. 45/2023. Lögin gera ráð fyrir því að sýslumaður taki við stjórnsluverkefnum Innheimtustofnunar þann 1. janúar 2024, þ.e. verkefnum er snúa að innheimtu meðlaga. Auk þess munu helstu eignir stofnunarinnar færast yfir til ríkisins.

Til að koma til móts við kostnaðarauka ríkisins vegna tilfærslu verkefnisins er einnig gert ráð fyrir að sú fjárhæð sem ríkið leggur í Jöfnunarsjóð skv. a-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og er miðuð við 2,111% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og tryggingagjöldum lækki í hlutfallið 2,036%. Um er að ræða fjárhæð sem var 750 milljónir skv. fjárlögum 2023.

### 3. Staðgreiðsla

#### Próun janúar til maí

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs upplýsti nefndina um stöðu tekna Jöfnunarsjóða sveitarfélaga það sem af er ári. Enn sem komið er hafa innheimst 41% af áætluðu framlagi af útsvari sveitarfélaga 2023, bæði vegna grunnskólans og málefna fatlaðs fólks. Tekjur Jöfnunarsjóðsins það sem af er ári eru því um 18 ma.kr.

#### 4. Yfirlit – „sérstök verkefni 2021“

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til kynningar yfirlit yfir framlög veitt til sérstakra verkefna árið 2021.

Árið 2021 voru veitt framlög vegna sérstakra verkefna til 4 verkefna samtals að fjárhæð 74.925.000 kr. Sömuleiðis voru veitt önnur framlög vegna reksturs grunnskóla. Árið 2021 voru veitt framlög vegna fjögurra verkefna samtals að fjárhæð 70.379.210 kr. Þá voru einnig veitt framlög vegna breytingakostnaðar vegna málefna fatlaðs fólks. Árið 2021 voru það 11 verkefni, sem flest eru gæðaeftirlit, samtals að fjárhæð 385.814.786 kr.

### YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

#### 5. Barna- og fjölskyldustofa

##### **Framlög vegna barna vistuð utan lögheimilissveitarfélags**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Barna- og fjölskyldustofa, dags. 31. maí 2023, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7.gr. rgl. nr. 351/2002 vegna haustannar 2022. Greiðir sjóðurinn Barna- og fjölskyldustofu framlag vegna almennra kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barna- og fjölskyldustofu og stunda þar grunnskólanám. Jöfnunarsjóður dregur fjárhæð er nemur kennslukostnaði vegna nemenda skv. 1. mgr. frá jöfnunarframlögum viðkomandi lögheimilissveitarfélags.

Óskar Barna- og fjölskyldustofa eftir greiðslu samtals að fjárhæð 2.063.276 kr.

*Að umfjöllun lokinni ákvað ráðgjafarnefnd að samþykkja umsókn Barna- og fjölskyldustofu um framlag að fjárhæð 2.063.276 kr. vegna haustannar 2022.*

### FRAMLÖG VEGNA YFIRFÆRSLU Á MÁLAFLOKKI FATLAÐS FÓLKIS

#### 6. Framlög vegna ÍSAT

##### **2. áætlun ársins 2023**

Lögð var fram endurskoðuð áætlun um framlög vegna íslensku sem annars tungumáls á árinu 2023, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Í heildina er greitt með 3.764 börnum. Alls fjölgar börnum um 175 á milli ára. Framlög 2. áætlunar reiknast 639,9 m.kr. samanborið við 574,2 m.kr. árið 2022.

Til viðbótar kemur framlag til Menntamálastofnunar skv. samningi um starf verkefnastjóra í nýbúafræðslu samtals að fjárhæð 16.800.000 kr. Alls verður því fjárhæð framlaganna árið 2023 656,7 m.kr.

Umræður sköpuðust um hvernig staðið er að talningu þeirra barna sem framlög greiðast með. Nefndarfolk var sammála um að skoða þurfi vel hvernig staðið er að upplýsingaöflun varðandi framlög vegna íslensku sem annað tungumál.

*Að umfjöllun lokinni ákvað ráðgjafarnefnd að leggja til við ráðherra að samþykkja endurskoðaða áætlun framlaga vegna íslensku sem annars tungumáls á árinu 2023 að fjárhæð 656,7 m.kr.*

## 7. Breytingar á regluverki

### Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar sem fjallað er um regluverk almennra framlaga vegna fatlaðs fólks og mögulegar breytingar á því.

Í 3. áætlun 2023 reiknuðust framlög 292 einstaklinga af 1550 á kostnaðargrunni. Þar af voru 214 börn og 78 fullorðnir. Reikniwerk framlaganna gerir það að verkum að þjónustuvæðin hafa fengið nánast sömu fjárhæð að meðaltali með hverju barni á kostnaðargrunni og hverjum fullorðnum á kostnaðargrunni. Skv. könnun Jöfnunarsjóðs árið 2022 á raunkostnaði við þjónustu við fatlað fólk fyrir árið 2021 kom fram að stærsti þjónustuþátturinn sé búseta, en 50% kostnaðar við þjónustuna var bókuð á þann lið. Flest börn búa í foreldrahúsum en flestir fatlaðir fullorðnir í búsetuúrræðum. Þetta bendir til þess að í núverandi kerfi sé of hátt hlutfall stuðningsþarfa reiknað vegna barna á kostnað hlutfalls stuðningsþarfa vegna fullorðinna. Ólíklegt er þó að munurinn séu áður nefnd 50% en trúlega er hluti þeirrar þjónustu sem fullorðnum er veitt í búsetuúrræðum einnig veitt börnum en þá utan búsetuúrræða og er því bókuð annars staðar. Þá gætu börn einnig af öðrum orsökum tekið til sín umfangsmeiri hluta annarra þjónustuþátta.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á reglugerð 192/2023 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk:

1. Raunkostnaður, sbr. 5-6. setningaliður 2. mgr. II hluta 3. gr., hætti að vera lagður til grundvallar framlögum jöfnunarsjóðs.
  - Vegna barna verði miðað við samræmda stuðningsþörf SIS-C, við ákvörðun framlaga.

- Vegna fullorðinna verði notast eingöngu við samræmda stuðningsþörf SIS-A. Sé af einhverjum ástæðum ómögulegt að miða við SIS-A mat, til dæmis ef notandi neitar að gangast undir matið verði miðað við flokk 5 í SIS-A mati vegna framlaga.
- 2. Útsvarstengingu framlaga verði hætt
  - Framlag verði ekki lengur veitt á grundvelli eigin útsvars sbr. b. lið 1. mgr. I. hluta 3. gr.
  - Frádrætti 0,25% beinnar hlutdeildar sveitarfélags í útsvarsstofni sbr. 3. tl. 1. mgr. III. hluta 3. gr. verði hætt.
- 3. Sett verði inn viðmiðunardagsetning vegna samræmds stuðningsmats ársins, t.d. 1. október.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs kynnti einnig vörpun SIS-C mats að SIS-A mati sem er forsenda þess að hægt verði að greiða framlög vegna fatlaðra barna á grunni samræmds stuðningsmats fyrir nefndarfólki.

Rætt var um mikilvægi þess að ákvörðun um breytingar á regluverki almennra framlaga vegna fatlaðs fólks liggi fyrir áður en fyrsta áætlun framlaganna fyrir árið 2024 verður reiknað í haust.

Nefndin mun fjalla betur um þetta mál á komandi fundum.

## 8. Fasteignasjóður

### Umsóknir um framlög vegna aðgengismála

#### Árborg

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sveitarfélaginu Árborg, dags. 19. maí 2023, þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum við barnaskólann á Eyrarbakka og leikskólana Álfheima og Árbæ. Í framkvæmdunum við barnaskólann á Eyrarbakka felast 3 áfangar. Fyrsti áfanginn er hellulagning stéttar fyrir framan hús og aðalinngang og eldhúsinngang (áætlaður kostnaður að 4.908.407 kr.). Annar áfanginn er lagning hjólastólavæns göngustígs milli útistofukjarna (áætlaður kostnaður að 1.185.134 kr.). Þriðji áfanginn er hellulagning bílastæðis fyrir fatlaða og aðkomu þjónustubíls við inngang (áætlaður kostnaður að 1.345.000 kr.). Í framkvæmdunum við leikskólana Álfheima og Árbæ felast endurbætur á timburrömpum (kostnaður 1.378.902 kr.). Heildarkostnaður framkvæmdanna er því 8.817.463 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka

Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 4.409.732 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 4.409.732 kr. vegna framkvæmdanna.*

### **Bláskógabyggð**

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Bláskógabyggð, dags. 26. október 2021, þar sem sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum við Reykholtsskóla. Í framkvæmdunum felst uppsetning á lyftu í Reykholtsskóla í Bláskógabyggð. Reykholtsskóli er í tveggja hæða byggingu, þar sem ekki er lyfta, en lyftustokkur er fyrir hendi. Festa þarf kaup á lyftu og setja hana upp. Þannig verður hægt að auka aðgengi nemenda og gesta að skólanum. Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdarinnar er 8.100.000 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 4.050.000 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 4.050.000 kr. vegna framkvæmdanna.*

### **Grímsnes- og Grafningshreppur**

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Grímsnesi- og Grafningshreppi, dags. 17. maí 2023, þar sem sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum við Íþróttamiðstöðina Borg. Í framkvæmdunum felast kaup og uppsetning á sundlaugalyftu fyrir sundlaugina í Íþróttamiðstöðinni. Lyftan myndi auka aðgengi allverulega fyrir gesti sundlaugarinnar. Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdarinnar er 2.609.680 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 1.304.840 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 1.304.840 kr. vegna framkvæmdanna.*

### **Rangárþing eystra**

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Rangárþingi eystra, dags. 17. maí 2023, þar sem sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum við sundlaugina á Hvolsvelli og við gangstéttarkana á Hvolsvelli. Í framkvæmdunum felast annarsvegjar kaup og uppsetning á sundlaugalyftu fyrir sundlaugina á Hvolsvelli (áætlaður kostnaður 1.938.200 kr.) og lagfæringar á gangbrautum og gangstéttarköntum sveitarfélagsins svo bæta megi aðgengi á göngustígum (áætlaður kostnaður 2.083.158 kr.). Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna er 4.021.358 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 2.010.679 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 2.010.679 kr. vegna framkvæmdanna.*

### **Skaftárhreppur**

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Skaftárhreppi, dags. 17. maí 2023, þar sem sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum við Klausturveg 4 á Kirkjubæjarklaustri. Í framkvæmdunum felst uppsetning á rafmagnsstýrðum hurðum við Héraðsbókasafn Skaftárhrepps (áætlaður kostnaður 879.000 kr.) og við skrifstofur Skaftárhrepps (áætlaður kostnaður 879.000 kr.). Einnig verður keypt og sett upp lyfta á milli fyrstu og annarrar hæðar hússins (áætlaður kostnaður 4.450.000 kr.). Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdarinnar er 6.208.000 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 3.104.000 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 3.104.000 kr. vegna framkvæmdanna.*

### Fjallabyggð

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Fjallabyggð, dags. 2. maí 2023, þar sem sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum við Sundlaug Ólafsfjarðar. Í framkvæmdunum felst að sett verði upp sjálfvirk hurðaopnun á aðalinngang sundlaugarinnar og búningsklefa. Skjólveggir við útganga á búningsklefum verða færðir um hálfan metra og aðkoma breikkuð. Þá verða rampar/skábrautir steiptar við útganga úr búningsklefum. Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdarinnar er 4.760.210 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 2.380.105 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 2.380.105 kr. vegna framkvæmdanna.*

### Staða sjóðsins – húsnæðismál fatlaðs fólks

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar sem farið er yfir sögu, regluverk og hlutverk Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar var einnig farið yfir fjárhagsstöðu sjóðsins, sem stendur mjög vel þar sem eignir sjóðsins námu um 5,8 ma.kr. um áramótin 2021.

Fjárförf úr Fasteignasjóðnum hefur ekki verið mikil frá því að hann hóf starfsemi sína. Framlag úr Jöfnunarsjóði í Fasteignasjóðinn nam 605 m.kr. á árinu 2021 en framlög úr honum skv. reglugerð námu einungis 201 m.kr.

Verði ekki um aukna ásókn sveitarfélaga í framlög úr sjóðnum mun staða hans styrkjast enn frekar og fjármagn safnast fyrir í honum. Það var þó ekki tilgangur með stofnun hans í upphafi. Innviðaráðherra samþykkti tillögu ráðgjafarnefndar að ekkert fjármagn færi úr Jöfnunarsjóði í Fasteignasjóðinn á árinu 2022 sem hafði jákvæð áhrif á almenn framlög Jöfnunarsjóðs til rekstrar í málaflokki fatlaðs fólks. Ljóst er að geta sjóðsins er mikil til að koma með öflugri hætti að uppbyggingu húsnæðisúrræða í málaflokki fatlaðs fólks.

Í janúar 2021 skipaði þáverandi félags- og barnamálaráðherra starfshóp um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Starfshópurinn tók

sérstaklega til skoðunar húsnæðis- og búsetumál fatlaðs fólks. Í skýrslu starfshópsins eru gerðar tillögur um að farið verði í átaksverkefni til að leggja niður herbergjasambýli og eyða biðlistum. Í tillögunum er gert ráð fyrir:

- Að HMS verði tryggt viðbótarfjármagn og jafnframt gert ráð fyrir aukinni hlutdeild Fasteignasjóðsins í stofnframlögum og að fjármagnið verði sótt í eigið fé sjóðsins.
- Viðbótarframlögum úr Fasteignasjóði þar sem ráðast þarf í umframframkvæmdir á húsnæði vegna sérútbúnaðar fyrir fatlað fólk.
- Að HMS verði heimilað að veita hlutdeildarlán til fatlaðra einstaklinga sem sveitarfélög hafi skilgreint að eigi rétt á félagslegu húsnæði og hafa tök á að kaupa eigið húsnæði.
- Að framlög komi úr Fasteignasjóði vegna uppbyggingar hæfingarstöðva verði hækkað úr 25% kostnaðarhlutdeild í 50% kostnaðarhlutdeild.

Í minnisblaðinu komu fram aðrar tillögur, óháðar framkomnum tillögum starfshóps félagsmálaráðherra. Verði engin breyting á fyrirkomulaginu og þörf fyrir framlög úr Fasteignasjóði verði þau sömu og áður er eftirfarandi valkostum velt upp:

- Að sterk staða Fasteignasjóðs verði notuð til að greiða framlög inn í Jöfnunarsjóð sem nýtt væru til almennrar rekstrarframlaga sjóðsins vegna fatlaðs fólks. Áhrifin yrðu þau að hallarekstur í málaflokknum minnkaði til muna.
- Að haldið verið áfram að greiða ekki framlög úr Jöfnunarsjóði í Fasteignasjóð. Þar með yrði komið í veg fyrir að efnahagsreikningur sjóðsins „bólgni“ enn frekar. Meira færi þá í almenn rekstrarframlög Jöfnunarsjóðs sem myndi minnka hallarekstur í málaflokknum.

#### **Framhald af verkefninu „átak um úrbætur í aðgengismálum fatlaðs fólks“**

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs upplýsti ráðgjafarnefndina um að búið sé að undirrita reglugerðarbreytingu sem heimilar Fasteignasjóði að úthluta 415 m.kr. til aðgengisframlaga á árunum 2023 og 2024. Sömuleiðis hefur samkomulag verið undirritað við ÖBÍ til að ráða verkefnisstjóra út samningstímabilið. Hlutverk verkefnisstjóra á vegum ÖBÍ verður áfram að vinna með sveitarfélögum að mótun verkefna í samstarfi við aðgengisfulltrúa og aðra sem sinna aðgengismálum einstakra sveitarfélaga, sem gætu verið vel til þess fallin að falla undir styrkveitingu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 13:12.



---

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Hrund Pétursdóttir

---

Dan Jens Brynjarsson

---

Hörður Hilmarsson

---

Friðjón Einarsson

---

Theódóra S. Þorsteinsdóttir